

Þriðjudaginn 14. september 1993.

Nr. 316/1993. **Bíla- og bátaverkstæði Þ. Þórðarsonar**
 gegn
Arndísi Guðmundsdóttur og
Þóri Þorsteinssyni.

Kærumál. Nauðungarsala. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. ágúst 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. júlí. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og breytt á þá leið, að við úthlutun á söluandvirði m/b Siljunnar, RE 306, verði krafa hans, að fjárhæð 282.186 krónur, tekin til greina á undan öllum öðrum kröfum í andvirðið. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Til vara krefst hann þess, að staðfest verði úthlutunargerð sýslumannsins í Kópavogi 30. apríl 1993, þar sem ráðgert var að greiða sóknaraðila 29.880 krónur af kröfu hans, en til þrautavara, að haldsréttur verði einungis viðurkenndur fyrir mun lægri fjárhæð en sóknaraðili hefur krafist. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Gögn málsins gefa til kynna, að vélbáturinn Siljan hafi verið án umhirðu vegna ágreinings milli kaupanda og seljanda að honum, þegar sóknaraðili tók hann upp úr Kópavogshöfn. Sóknaraðili hefur ekki leitt í ljós, að heimild til afskipta af bátnum verði rakin til þeirra viðskipta, sem hann hafði átt við fyrirsvarsmann kaupanda. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Bíla- og bátaverkstæði Þ. Þórðarsonar, greiði varnaraðilum, Arndísi Guðmundsdóttur og Þóri Þorsteinssyni, sameiginlega 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. júlí 1993.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining við úthlutun söluverðs vegna nauðungar-sölu og sætir meðferð samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991, var tekið til úrskurðar 1. júlí 1993 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Bíla- og bátaverkstæði Þ. Þórðarsonar, kt. 310847-7399, Kársnesbraut 102 A, Kópavogi, gerir þá dómkröfu, að þeirri ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá 30. apríl 1993 að fallast á varakröfu Arndísar Guðmundsdóttur og breyta frumvarpi til úthlutunar söluverðs bátsins Siljunnar, RE-306, á þann veg, að haldsréttarkrafa Bíla- og bátaverkstæðis Þ. Þórðarsonar sé viðurkennd, að fjárhæð 29.880 kr., auk dráttarvaxta frá 30. október 1992 til 9. mars 1993, 2.082 kr., og innheimtukostnaðar, 27.534 kr., samtals 59.496 kr., verði hrundið og úrskurðað verði, að úthlutun til Bíla- og bátaverkstæðis Þ. Þórðarsonar verði að fjárhæð 282.186 kr. á undan öllum öðrum kröfum í söluandvirðið. Þá krefst Bíla- og bátaverkstæði Þ. Þórðarsonar málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar, Arndís Guðmundsdóttir, kt. 011234-2599, og Þórir Þorsteinsson, kt. 090524-2089, bæði til heimilis að Digranesheiði 31, Kópavogi, gera þá dómkröfu aðallega, að fram komnum haldsréttarkröfum sóknaraðila í uppboðsandvirði bátsins Siljunnar, RE-306, verði með öllu hafnað. Til vara er þess krafist, að staðfest verði úthlutunargerð sýslumannsins í Kópavogi, dags. 30. apríl 1993. Til þrautavara er þess krafist, að einungis verði samþykktur haldsréttur fyrir mun lægri fjárhæðum en sóknaraðili gerir kröfu til. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómara og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til sýslumannsins í Kópavogi, dags. 4. febrúar 1993, var þess krafist, að Siljan, RE-306, 20 feta plastbátur, yrði seld nauðungarsölu á grundvelli haldsréttar, sbr. 6. tl. 6. gr. laga nr. 90/1991. Fór salan fram 9. mars 1993, en viðstaddir fyrirtökuna voru lögmennt aðila máls þessa. Af hálfu varnaraðila Arndísar Guðmundsdóttur var samþykkt, að nauðungarsalan færi fram, en bókað, að áskilinn væri réttur

til að mótmæla kröfum sóknaraðila í söluandvirði bátsins, áður en til endanlegrar úthlutunar söluandvirðis kæmi.

Umræddur bátur er þinglýst eign varnaraðila Þóris Þorsteinssonar, en í málinu liggur frammi ljósrít óþinglýsts kaupsamnings Þóris til Helenu Rögnu Friðriksdóttur, Hólabraut 19, Akureyri. Undir samning þennan ritar fyrir hönd Helenu faðir hennar, Friðrik Sigfússon. Samkvæmt samningnum er söluverð bátsins 2.200.000 kr., sem greiða skyldi með bifreið, að verðmæti 350.000 kr., og veðskuldabréfum, út gefnum 11. október 1991 af nefndum Friðriki, að fjárhæð 750.000 kr., tryggðum með 1. veðrétti í bátnum, og með fjárhæð, 1.100.000 kr., tryggðri með 2. veðrétti í bátnum.

Í söluandvirði Siljunnar, RE-306, bárust tvær kröfulýsingar frá sóknaraðila. Annars vegar er krafa að höfuðstól, 87.524 kr., auk kostnaðar, 22.186 kr., samtals 109.710 kr., samkvæmt reikningi, dags. 1. mars 1993, vegna hreinsunar á vatni og snjó í bátnum og að gera vél frostvarða. Hins vegar er krafa, að höfuðstól 126.701 kr., auk dráttarvaxta, 7.605,60 kr., og kostnaðar, 38.169,60 kr., samtals 172.476,20 kr. samkvæmt reikningi, dags. 30. september 1992. Sá reikningur er til kominn vegna hreinsunar á vél bátsins og ræsi (startara), 55.500 kr., kostnaður við björgun, 24.000 kr., viðgerðar á vagni, 8000 kr., efni, nánar tiltekið, glóðarkerti, olíur, viftureim, geymasambönd og efni í ræsi, 14.268 kr., og virðisaukaskattur 24.933 kr. Samtals lýsti því sóknaraðili 282.186 kr. í söluandvirðið, sem nemur kröfu hans í máli þessu. Í kröfulýsingum sóknaraðila er tekið fram, að haldsréttur sé til tryggingar greiðslu.

Frá varnaraðila Arndísi Guðmundsdóttur bárust kröfulýsingar í söluandvirði bátsins á grundvelli skuldabréfa, tryggðar með 1. og 2. veðrétti, sem áður er lýst, samtals að fjárhæð 2.424.968,30 kr.

Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Kópavogi til úthlutunar á söluverði, dags. 26. mars 1993, var söluverð Siljunnar, RE-306, 1.250.000 kr. Að frádregnum sölulaunum í ríkissjóð, 62.500 kr., komi því 1.187.500 kr. til úthlutunar, sem skiptist þannig, að í hlut sóknaraðila komi 172.476 kr., en eftirstöðvar, 1.015.024 kr., í hlut varnaraðila Arndísar Guðmundsdóttur til greiðslu kröfu á 1. veðrétti. Frestur til að andmæla frumvarpinu rann út 14. apríl 1993.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 2. apríl 1993, var frumvarpi sýslumanns mótmælt og sú krafa gerð, að kröfur sóknaraðila yrðu að fullu greiddar á undan 1. veðrétti. Frá varnaraðilum bárust einnig mótmæli með bréfi, dags. 13. apríl 1993. Var gerð sú krafa, að kröfum sóknaraðila yrði algjörlega hafnað, en til vara, að einungis yrði fallist á að greiða þann kostnað, sem sóknaraðili teldi sig hafa orðið fyrir vegna björgunar bátsins, samkvæmt reikningi, dags. 30. september 1992, þ. e. 24.000 kr., auk virðisaukaskatts, 5.880 kr., dráttarvaxta frá 30. október 1992 til 9. mars 1993,

1.809 kr., ásamt áföllnum kostnaði að mati sýslumanns. Sýslumaður tók frumvarpið til meðferðar 30. apríl 1993. Féllst sýslumaður á varakröfu varnaraðila með þeim hætti, að til greiðsu upp í kröfu sóknaraðila kæmu að höfuðstól 29.880 kr. auk dráttarvaxta vegna sama tíma, 2.082 kr., og innheimtukostnaðar, 27.534 kr., samtals 59.496 kr. Báðir málstaðilar lýstu yfir því, að þeir myndu leita úrlausnar héraðsdóms vegna ákvörðunar þessarar.

Málið barst dóminum 7. maí sl. með bréfi varnaraðila, en þeir hafa staðið saman að málatilbúnaði. Hinn 10. sama mánaðar barst dóminum bréf sóknaraðila, þar sem hann leitar einnig úrlausnar dómsins vegna ágreinings aðila.

III.

Af hálfu sóknaraðila er málavöxtum lýst svo, að hann hafi haft bátinn Siljuna, RE-306, til viðgerðar fyrir beiðni Friðriks Sigfússonar, umboðsmanns Helenu Friðriksdóttur. Eftir viðgerðina hafi báturinn verið afhentur í Kópavogshöfn, en nokkru síðar hafi athygli sóknaraðila verið vakin á því, að báturinn væri að sökkva í höfninni. Við eftirgrennslan sóknaraðila hafi honum verið tjáð, að nefndur Friðrik væri á sjúkrahúsi og ágreiningur milli hans og varnaraðila Þóris Þorsteinssonar um ætlaðan galla í bátnum. Þar sem hvorugur þessara aðila hafi gert sig líklegan til þess að bjarga bátinum úr höfninni, hafi sóknaraðili í samráði við hafnarvörð Kópavogsskaupstaðar tekið bátinn úr höfninni hálffullan af sjó í ágústmánuði 1992. Visar sóknaraðili til fram lagðs bréfs Lárusar Óskarssonar hafnarvarðar, dags. 30. september 1992, þessu til staðfestu.

Sóknaraðili telur, að nauðsyn hafi borið til að hreinsa vél og ræsi bátsins eftir björgunina, því að ella hefðu hlutir þessir eyðilagðst. Hvorki Friðrik Sigfússon né varnaraðili Þórir Þorsteinsson hafi hirt um bátinn, þar sem hann stóð á athafnasvæði sóknaraðila, frá björgun, þar til hann var seldur nauðungarsölu. Á þessum tíma hafi sóknaraðili haft eftirlit og umsjón með bátnum, og vegna þessa hafi hann ritað reikning, dags. 1. mars 1993.

Sóknaraðili heldur því fram, að öll vinna, sem kröfur hans í málinu lúta að, hafi verið í þágu þess að viðhalda verðmæti bátsins. Í þessu skyni hafi björgun hans úr Kópavogshöfn og eftirfarandi umsjón verið nauðsynleg. Jafnframt beri til þess að líta, að hvorugur varnaraðila hafi fram að nauðungarsölu haft uppi andmæli við athöfnum sóknaraðila. Umsjón hans og erindrekstur hafi verið í þágu þeirra, enda forsenda þess, að gott verð fékkst fyrir bátinn. Eigi sóknaraðili því rétt á sanngjarnri þóknun fyrir erindrekstur sinn, sem gangi framár áhvílandi veðkröfum, annars vegar á grundvelli réttarreglna um óbeðinn erindrekstur og hins vegar á grundvelli haldsréttar. Þar sem varnaraðilar hafi ekki sýnt fram á, að reikningar

sóknaraðila séu ósanngjarnir, beri að taka kröfu hans að fullu til greina, sbr. 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 með lögjöfnun. Verði ekki fallist á kröfur sóknaraðila, leiði það til auðgunar varnaraðila á kostnað sóknaraðila.

Sóknaraðili telur, að varnaraðilum hefði borið að mótmæla framgangi nauðungarsölnunnar 9. mars 1993, vildu þeir ekki una kröfum sóknaraðila.

IV.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að réttarreglur um óbeðinn erindrekstur og haldsrétt eigi ekki við í máli þessu. Sóknaraðili hafi ekki fært fram neinar sannanir fyrir því, að Siljan, RE-306, hafi verið í yfirvofandi hættu, þegar hann tók bátinn á land án samþykkis réttra umráðamanna eða eigenda. Vatn það, sem safnast hafði í bátinn, hafi verið rigningarvatn, sem auðvelt hefði verið fyrir mann með þekkingu á slíkum bátum að dæla upp úr honum með sérstakri lensidælu, sem í bátnum var. Hafi taka bátsins verið ólöglegt athöfn af hálfu sóknaraðila, sem þaðan af síður veiti honum forgangsrétt til söluverðs bátsins.

Varnaraðilar telja, að þar sem engin brýn eða yfirvofandi hættu hafi steðjað að Siljunni, RE-306, í umrætt sinn, hafi sóknaraðila borið að leita samþykkis eiganda eða umráðamanns bátsins fyrir töku hans úr höfninni, sem aldrei var gert. Jafnframt hafi sóknaraðila borið að leita samþykkis eiganda, hugsanlegra umráðamanna eða rétthafa, áður en ráðist yrði í viðgerðir á bátnum, og enn fremur að fara fram á, að sömu aðilar tækju bátinn í sína vörslu. Í málinu liggi ekkert fyrir um, að þessa hafi verið gætt. Hljóta því athafnir sóknaraðila að teljast á hans eigin ábyrgð og fráleitt, að hann geti með slíkum löglausum aðgerðum áunnið sér haldsrétt í viðkomandi bát. Aðgerðir þessar hafi verið með öllu þarflausar og hvorki til þess fallnar að tryggja hagsmuni varnaraðila né eiganda bátsins. Mun heppilegra hefði verið, að varnaraðilar sjálfir hefðu fengið vörslur bátsins í því skyni að viðhalda verðmæti hans fram að uppboðssölu, en ástand bátsins hafi þá verið orðið slæmt, bæði að innan sem utan. Hefði söluverð bátsins ásamt tilheyrandi kvóta orðið hærra, ef bátnum hefði verið eðlilega haldið við á þessum tíma. Hins vegar hafi verið ljóst, að sóknaraðili ætlaði sér ekki að afhenda bátinn úr sinni vörslu, nema uppsettur kostnaður vegna ætlaðrar björgunar og viðhalds yrði greiddur.

Varnaraðilar mótmæla fram lögðu bréfi Lárusar Óskarssonar hafnarvarðar, dags. 30. september, þar sem staðfest er, að sóknaraðili hafi með vitund hafnarvarðar tekið upp Siljuna, RE-306, þar sem báturinn hafi legið undir skemmdum fullur af sjó í Kópavogshöfn. Er því haldið fram, að vottorðið sé samið eftir á af sóknaraðila eða lögmanni hans og hafi ekki sönnunargildi í málinu. Líklegt sé, að hafnarvörður hafi verið í villu um tengsl sóknaraðila við umráðamann bátsins, og þrátt fyrir það að hann

kunni að hafa samþykkt töku bátsins, veiti það sóknaraðila engan frekari rétt en ella. Í þinghaldi 16. júní sl. voru bókuð mótmæli lögmanns sóknaraðila við þeirri fullyrðingu, að hann hefði samið umrætt vottorð. Vottorðsgefandi kom ekki fyrir dóm, en hann lést skömmu fyrir aðalmeðferð málsins.

Verði þrátt fyrir allt komist að þeirri niðurstöðu, að taka Siljunnar, RE-306, úr Kópavogshöfn teljist eiginleg björgun og að sóknaraðili hafi á grundvelli réttarreglna um óbeðinn erindrekstur öðlast haldsrétt í bátnum, telja varnaraðilar augljóst, að mun meira hefði þurft til að koma, til að fallist verði á haldsrétt vegna þess kostnaðar sóknaraðila, sem hann telji sig hafa orðið fyrir vegna bátsins eftir ætlaða björgun hans. Kostnaður vegna vinnu hans við bátinn og varahluti, þar sem báturinn stóð óvarinn fyrir utan starfsstöð sóknaraðila við Kársnesbraut í Kópavogi, geti aldrei talist krafa tryggð með haldsrétti, því að hvorki verði vísað til neyðarsjónarmiða né hafi tilraun verið gerð til að leita heimildar fyrir slíkum aðgerðum.

Varnaraðilar mótmæla þeim fjárhæðum, sem sóknaraðili setur upp fyrir unnin verk við bátinn, sem allt of háum og nefna sérstaklega í því sambandi hreinsun á vatni og snjó, 87.524 kr., að meðtöldum virðisaukaskatti.

V.

Í máli þessu greinir aðila á um, hvort sóknaraðili eigi kröfu í söluandvirði Siljunnar, RE-306, og stöðu kröfunnar í réttindaröð. Rökstyður sóknaraðili mál sitt með því, að til tryggingar kröfunni sé haldsréttur, sem gangi framar áhvílandi veðskuldum. Af hálfu varnaraðila er kröfu sóknaraðila og haldsrétti mótmælt. Varnaraðili Arndís Guðmundsdóttir er handhafi tveggja skuldabréfa, tryggðra með veði í bátnum, en varnaraðili Þórir Þorsteinsson þinglýstur eigandi bátsins. Helena Ragna Friðriksdóttir, rétthafi samkvæmt kaupsamningi, dags. 11. október 1991, er ekki aðili að málinu, en henni var tilkynnt um rekstur málsins.

Á það verður ekki fallist með sóknaraðila, að varnaraðilum hafi borið að mótmæla framgangi nauðungarsölunnar, vildu þeir ekki una kröfum sóknaraðila. Komu mótmæli við frumvarpi sýslumanns fram innan tilskilins frests samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga nr. 90/1991, sbr. 1. mgr. 51. gr. sömu laga.

Lagasjónarmið um óbeðinn erindrekstur eru undantekningar frá þeirri meginreglu, að hver og einn verði að annast og hirða um eigur sínar sjálfur. Þykja úrslit málsins velta á því, hvort talið verði, að athafnir sóknaraðila fullnægi skilyrðum slíks erindrekstrar.

Sóknaraðili kom fyrir réttinn og skýrði svo frá, að hann hefði í ágúst-mánuði 1992 tekið Siljuna, RE-306, á land, eftir að hafa öðru hverju þá um sumarið haft spurnir af því, að báturinn lægi undir skemmdum við

Kópavogshöfn, meira og minna fullur af sjó og við það að sökkva. Hann hefði því tekið bátinn á land og gert það, sem nauðsynlegt var til að hindra tjón. Kvaðst sóknaraðili áður hafa haft bátinn til viðgerðar, og því hefði sér runnið blóðið til skyldunnar. Jafnframt hefði hann átt hagsmuna að gæta, þar sem kostnaður vegna fyrri viðgerðar væri ógreiddur. Sóknaraðili kvaðst einu sinni hafa náð tali af Friðriki Sigfússyni, sem hann taldi eiganda bátsins, en hann hefði hvorki haft áhuga á bátnum né talið hann sér viðkomandi.

Vitnið Ásmundur Einar Ásmundsson, sem er með bát ásamt föður sínum við Kópavogshöfn, og vitnið Helgi Örn Frederiksen, sem var við loðandi höfnina, komu fyrir dóm. Kváðu vitnin mikið hirðuleysi hafa verið á Siljunni, RE-306, sumarið 1992. Í bátnum hefði verið bæði vatn og sjór og hann hangið á landfestum mikið siginn. Vegna þessa hefðu þeir einu sinni dælt úr bátnum. Vitnið Gunnlaugur Ólafsson, starfsmaður vélsmiðju í grennd Kópavogshafnar, kvaðst fyrir dómi hafa þekkt til Siljunnar, RE-306, enda unnið að viðgerðum á bátnum. Umhirða bátsins um sumarið hefði ekki verið sem skyldi, en hann hefði þó ekki verið við það að sökkva. Kvaðst vitnið öðru hverju hafa dælt úr bátnum án mikillar fyrirhafnar.

Þrátt fyrir það að ráða megi af framburði vitna, að umhirðu Siljunnar, RE-306, hafi verið ábótavant umrætt sumar, þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, að svo brýna nauðsyn hafi borið til ráðstafana þeirra, sem hann gerði, að þær væru heimilar undandráttaurlaust, án þess að fyrir lægi samþykki til þess bærs aðila. Þá ber og að líta til þess, að sóknaraðili sjálfur hefur skýrt svo frá, að hann hafi leitað til Friðriks Sigfússonar, sem hann taldi eiganda bátsins, án þess að hann veitti sóknaraðila heimild til að hlutast til um bátinn. Að þessu virtu verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að honum hafi verið heimilt að taka Siljuna, RE-306, á land og gera við bátinn á grundvelli réttarreglna um óbeðinn erindrektur og að þar með eigi hann rétt á að fá kostnað sinn greiddan. Verður því jafnframt ekki talið, að sóknaraðili hafi öðlast haldsrétt í bátnum, og ber að taka aðalkröfu varnaraðila til greina, þannig, að við úthlutun söluverðs Siljunnar, RE-306, verði ekki tekið tillit til fram kominna krafna sóknaraðila.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 50.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa varnaraðila, að við úthlutun söluverðs Siljunnar, RE-306, verði ekki tekið tillit til fram kominna krafna sóknaraðila, er tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 50.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.